

Ár 2015, fimmtudaginn 23. júlí kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, og Viktoría Sif Kristinsdóttir. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Eyþór H. Ólafsson, formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

### 1. Bréf sem borist hafa frá:

- 1.1. **Innanríkisráðuneytinu frá 10. júlí 2015.**  
Í bréfinu er rætt um útreikning á framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á árinu 2015.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.2. **Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 29. júní 2015.**  
Í bréfinu er óskað eftir endurskoðaðri umbótaáætlun eftir úttekt Námsgagnastofnunar á starfsemi leikskólans Óskalands.  
Bæjarstjóra falið að svara erindinu í samráði við leikskólastjóra.
- 1.3. **Velferðarnefnd Alþingis frá 3. júlí 2015.**  
Í bréfinu er óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um húsnæðisbætur.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.4. **Þjóðskrá Íslands frá 24. júní 2015.**  
Í bréfinu er kynnt fasteignamat sem tekur gildi næsta 31. desember. Í Hveragerði hækkar fasteignamat á fasteignir um 3,9% en landmat hækkar um 4,4%  
Lagt fram til kynningar.
- 1.5. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 3. júlí 2015.**  
Í bréfinu er umsögn sambandsins vegna óska eftir undanþágu frá lágmarsíbúafjölda á þjónustusvæðum skv. lögum um málefni fatlaðs fólks.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.6. **Elfu Dögg Þórðardóttur f.h. Frost og Funa frá 2. júlí 2015.**  
Í bréfinu óskar bréfitari eftir að lögð verði fráveita frá Hótel Frost og Funa eins fljótt og auðið er.

Bæjarráð samþykkir að fela skipulags- og byggingafulltrúa að meta kostnað við mögulegar úrlausnir við úrbæturnar og leggja fyrir bæjarráð fyrir gerð fjárhagsáætlunar ársins 2016.

1.7. **Ólafi Sigurðssyni f.h. First ehf frá 20. júlí 2015.**

Í bréfinu er rætt um möguleika á uppbyggingu heilsulindar í dalnum inn af Hveragerði. Bréfitari óskar eftir að fá tímabundinn forgang í sex mánuði að kaupum/leigu á 10 hektara byggingarlóð í dalnum innan Hveragerðis.

Bæjarráð lýst vel á þær hugmyndir sem hér eru settar fram enda samræmast þær vel stefnu bæjarfélagsins um uppbyggingu heilsutengdrar ferðaþjónustu. Bæjarráð samþykkir að félagið First ehf fái forgang að umræddu svæði í 6 mánuði.

1.8. **Svavari Þór Guðmundssyni frá 19. júlí 2015.**

Bæjarstjóri vék af fundi meðan á afgreiðslu málsins stóð.

Bréfið er ritað fyrir hönd undirbúningshóps um uppbyggingu og rekstur fjölnota húss í Hveragerði undir merkjum Eden Geothermal Centre.

Óskað er eftir forkaupsrétti á Tívolíreitnum til fimm mánaða og afnotum á nafninu Eden.

Bæjarráð telur að áform hópsins samræmist vel þeim hugmyndum sem margir bæjarbúar og bæjarstjórn hafa haft um enduruppbyggingu Eden í bæjarfélaginu.

Bæjarráð samþykkir að veita undirbúningshópnum forgang að Tívolíreitnum í 5 mánuði. Verði hugmyndir þeirra að veruleika í þeirri mynd sem þær eru hér settar fram er bæjarráð tilbúið til að veita heimild til notkunar á Eden nafninu fyrir starfseminu.

1.9. **Landsneti frá 13. júlí 2015.**

Í bréfinu er kynnt tillaga á kerfisáætlun 2015-2024 og umhverfisskýrslu.

Lagt fram til kynningar.

1.10. **Þ. Ólafi Hammer Ólafssyni frá 8. júlí 2015.**

Í bréfinu óskar bréfitari eftir rökum vegna úthlutunar á tjaldsvæði bæjarins í vor.

Bæjarráð mótmælir því að gerðir hafi verið munnlegir samningar um rekstur tjaldsvæðisins í Hveragerði enda hafa samningar við bréfitara ávallt verið samþykktir af bæjarstjórn. Að öðru leyti felur bæjarráð bæjarstjóra að svara erindinu.

1.11. **Þ. Ólafi Hammer Ólafssyni frá 9. júlí 2015.**

Í bréfinu lýsir bréfitari samskiptum sínum við hjónin sem reka

tjaldsvæðið í Hveragerði.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara erindinu um leið og svarað er lið 1.10.

1.12. **Leifi Viðarssyni og Má I. Mássyni f.h. Námsefnisbankans, ódagsett.**

Í bréfinu er Námsefnisbankinn kynntur og óskað eftir styrk frá Hveragerðisbæ að upphæð kr. 200.000.- Sá styrkur myndi svo koma til baka sem inneign í áskriftaleiðum fyrir skóla sveitarfélagsins þegar síðan opnar.

Bæjarráð vísar erindinu til fræðslunefndar.

2. **Fjárhagsleg málefni:**

2.1. **Minnisblað frá bæjarstjóra v/ útbreiðslu lúpínu í Hveragerði.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 21. júlí 2015 vegna útbreiðslu lúpínu í landi Hveragerðisbæjar.

Bæjarráð samþykkir að fela umhverfisstjóra að sjá um að öll lúpína verði slegin við Suðurlandsveg og í Þverbrekkum. Þannig verði reynt að hefta útbreiðslu hennar í Hveragerði. Bæjarráð vill jafnframt beina því til íbúa að kerfill og njóli verði sleginn í öllum heimagörðum og hvar sem því verður við komið.

2.2. **Minnisblað frá bæjarstjóra v/ framkvæmda á veginum inní dal 2015.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 20. júlí 2015 vegna framkvæmda á veginum inn í dal. Í minnisblaðinu kemur jafnframt fram að þörf sé á því að veginum og dalnum verði gefin sérstök nöfn.

Bæjarráð samþykkir að seinna klæðingarlagið á veginn inn að Dalakaffi verði lagt nú í sumar. Kostnaður ásamt aukaverkum sem þegar hafa fallið til nemur um 12 mkr. Jafnframt verði 6 mkr lagðar í frekari yfirlagnir á götur innanbæjar. Kostnaður vegna þessa verður fjármagnaður með auknum tekjum gatnagerðargjalda.

Bæjarráð varpar fram þeirri hugmynd að vegurinn heiti Dalvegur og dalurinn Dalurinn sem væri í samræmi við málvenjur bæjarbúa. Bæjarráð telur eðlilegt að leita eftir frekari hugmyndum hjá bæjarbúum og felur bæjarstjóra að gera það.

2.3. **Minnisblað frá bæjarstjóra v/ stígs og aðgengis að hverasvæðinu handan Varmár.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 21. júlí 2015 vegna stígs og aðgengis að hverasvæðinu handan Varmár en umrætt svæði telst til Sveitarfélagsins Ölfuss. Í minnisblaðinu kemur fram að fjöldi ferðamanna í og við Hveragerði hefur aukist gríðarlega undanfarin ár og því er mikilvægt að þeirri þróun verði fylgt eftir með

uppbyggingu innviða og bættu aðgengi hvar sem því verður við komið. Ekki síst er mikilvægt að koma í veg fyrir slysaáhrif á fjölförnum stöðum.

Nýja hverasvæðið sem opnaðist í jarðskjálftanum 2008 er mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn enda aðeins steinsnar frá miðbæ Hveragerðis. Fjölfarinn göngustígur að svæðinu liggur frá göngubrú yfir Varmá hjá Hótel Frost og funa. Þessi göngustígur er afar brattur, hann er laus í sér og hættulegur á köflum. Við hið nýja hverasvæði hafa ekki verið lagðir göngustígar eða aðkoma tryggð að svæðinu annað en að sett var upp einfalt band sem á að beina ferðamönnum frá því að fara of nálægt hverunum. Afar mikilvægt er að tryggja ferðamönnum öruggt og gott aðgengi að þessari nýju náttúruperlu sem auðveldlega gæti orðið fjölfarinn ferðamannastaður.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir því við bæjarstjórn Ölfuss að hún ráðist þegar í stað í nauðsynlegar úrbætur á göngustíg frá göngubrú yfir Varmá hjá Hótel Frost og funa og geri aðkomu að nýja hverasvæðinu betri. Auk þess samþykkir bæjarráð að óska eftir lagfæringu á sveitarfélagamörkum með það að markmiði að spildan ofan þéttbýlis í Hveragerði og að fjallsrótum tilheyrri Hveragerðisbæ.

### 3. Fundargerðir:

#### 3.1. Skipulags- og mannvirkjanefndar frá 14. júlí 2015.

Liður 1 „Arnarheiði 14-18, stækkun lóðar, grenndarkynning“ afgreiddur sérstaklega.

Bæjarráð samþykkir breytingu á deiluskipulagi.

Liður 3 „Kambaland, tillaga að breytingu á deiliskipulagi, fundur með landeigendum 10/06/2015“ afgreiddur sérstaklega.

Bæjarráð samþykkir að fela Teiknistofu Ingimundar Sveinssonar að vinna deiliskipulagstillöguna til auglýsingar.

Liður 4 „Athafnasvæði sunnan Suðurlandsvegur, deiliskipulag, athugasemdir Minjavarðar Suðurlands“ afgreiddur sérstaklega.

Bæjarráð samþykkir deiliskipulagið með þeim breytingum sem nefndin samþykkti.

Liður 5 „Grænamörk 10, áform um byggingu hótels, breyting á aðal- og deiliskipulagi“ afgreiddur sérstaklega.

Bæjarráð fagnar metnaðarfullum áformum NLFÍ um uppbyggingu hótels í tengslum við þá starfsemi sem fyrir er á lóðinni Grænumörk 10. Bæjarráð samþykkir að fela Landform ehf að gera tillögu að breytingu á aðalskipulagi en bæjarstjóra er falið að ræða við fulltrúa NLFÍ um gerð tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar með það að markmiði að fyrirhuguð áform nái fram að ganga.

Liður 6 „Bláskógar 5, breytt notkun húsnæðis“ afgreiddur

sérstaklega.

Bæjarráð samþykkir að málið verði grenndarkynnt skv. 44. gr skipulagslaga.

Liður 7 „, Frumskógar 4, breytt notkun húsnæðis“ afgreiddur sérstaklega.

Bæjarráð samþykkir að málið verði grenndarkynnt skv. 44. gr skipulagslaga.

Liður 8“ Dynskógar 10, rekstrarleyfi fyrir gististað, grenndarkynning“ afgreiddur sérstaklega.

Bæjarráð samþykkir rekstur gistiheimilis í umræddu bakhúsi.

Liður 9 „, Leyfi til leitar og rannsókn á málmum norðan við Hveragerði, umsögn“ afgreiddur sérstaklega.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

### **Skipulags- og mannvirkjanefndar frá 20. júlí 2015.**

Liður 1 „, Grímsstaðarreitur, tillaga að deiliskipulagi, svör við athugasemdum sem borist hafa“ afgreiddur sérstaklega.

Viktoría Sif Kristinsdóttir lagði fram eftirfarandi tillögu.

Ákvörðun í skipulagi um að gróðurhús á Grímsstaðareit séu víkjandi er yfirlýsing bæjaryfirvalda um að ekki verði gróðurhús á reitnum í framtíðinni. Gróðurhúsin eru órjúfanlegur hluti Hveragerðis og þau sem standa við Þelamörk mynda einstaka götumynd sem ætti að varðveita. Ljóst er að ákvörðun bæjarstjórnar frá 12. mars sl. þar sem aðalskipulagi var breytt á þann veg að ekki er gert ráð fyrir landbúnaðarstarfsemi á reitnum voru mistök. Þá ákvörðun þarf að endurskoða. Undirrituð getur ekki samþykkt tillögu sem gerir ráð fyrir að gróðurhús séu víkjandi og situr hjá við afgreiðslu málsins.

Undirrituð tekur jafnframt undir tillögu Njarðar Sigurðssonar í athugasemdum hans við deiliskipulagstillöguna sem virðist ekki hafa fengið umfjöllun á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar 20. júlí sl. Í bréfinu er lagt til að sett verði af stað vinna til að kanna varðveislugildi einstakra gróðurhúsa í Hveragerði og að gróðurhúsin við Þelamörk verði hluti af þeirri könnun. Undirrituð leggur hér með til að slík könnun verði framkvæmd nú þegar af fagaðilum.

Viktoría Sif Kristinsdóttir

Tillagan borin upp og felld með atkvæðum meirihlutans með eftirfarandi bókun:

Meirihlutinn er ekki sammála því að samþykkt breyting á aðalskipulagi þann 12. mars hafi verið mistök enda gerðu fulltrúar minnihlutans enga athugasemd við breytinguna sem fól það í sér að

landbúnaðarstarfsemi yrði víkjandi á Grímsstaðareitnum. Ef bæjarfulltrúar höfðu aðra skoðun áttu þeir að koma fram með hana þá en ekki samþykkja aðalskipulagið og hafa síðan aðra skoðun nú þremur mánuðum síðar.

Rétt er að vekja athygli á að núverandi gróðurhús mega standa áfram í óbreyttri mynd og þeim má viðhalda eftir þörfum. Einnig er rétt að benda á að gróðurhús verða áfram áberandi í bæjarmyndinni og auk þess eru lóðir ætlaðir fyrir nýbyggingar gróðurhúsa skammt frá Grímsstaðareitnum.

Hafin er vinna við endurskoðun aðalskipulags bæjarins og þar telur meirihlutinn rétt að varðveislugildi gróðurhúsa verði skoðað eins og annarra mannvirkja í bæjarfélaginu.

Eyþór H. Ólafsson

Unnur Þormóðsdóttir.

Bæjarráð samþykkir með tveimur atkvæðum tillögur nefndarinnar að svörum við innsendum athugasemdum. Viktoría Sif Kristinsdóttir sat hjá.

Kl. 10:03 var gert fundarhlé.

Kl. 10:20 hélt fundur áfram.

Liður 2 „, Reykjamörk 1, fastanúmer 221-0770, umsókn um breytta notkun húsnæðis“ afgreiddur sérstaklega.

Bæjarráð samþykkir að breytt notkun húsnæðis verði leyfð eftir að breyttir aðaluppdrættir hafa verið lagðir inn og samþykktir.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

#### 4. Verkfundagerðir:

- 4.1. **Grunnskólinn í Hveragerði, eldhús frá 3. og 15. júlí 2015.**

Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

- 4.2. **Sundlaugarhús Laugaskarði, viðhald utanhúss frá 8. júlí 2015.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

#### 5. Fundargerðir til kynningar:

- 5.1. **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 3. júlí 2015.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:33

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign.)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)